



Viðstaddir

28.10.2022

Páll B. Guðmundsson

PBG SSH

15239

Ásthildur Helgadóttir

ÁH Kópavogi

Fundarritari

Magnús Árnason

MÁ Skíðasvæðin

EKS / einar@vso.is

Þorvaldur Daníelsson

ÞD Form Skíðasvæðanna

Ómar Einarsson

ÓE ÍTR

Einar K. Stefánsson

EKS VSÓ Ráðgjöf

Forfallaðir

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Guðmundur Sverrisson

Rósa Steingrimsdóttir

Tíðfni

Verkefnahópur um uppbyggingu á Skíðasvæðunum

Fundur föstudaginn 28.10.2022 kl. 11:00.

1 Síðasta fundargerð

Fundargerð 06.10.2022 samþykkt.

2 Salerni Suðursvæði

Áætlað að salernishúsin komi til landsins 06.11 og verði reist og fullbúin fyrir lok nóvember.

3 Lyftur Bláfjöll*Lyftur. Gosi/Drottning*

Gosa lokið fyrir utan uppsetningu hurða sem lýkur seint í nóvember. Unnið að rafmagnsprófunum, vélbúnaðarprófunum og bremsuprófunum. Reiknað með úttekt vinnueftirlitsins þri 01.11.

Byggingarleyfi vegna Gosa/Drottningar voru loks útgefin í liðinni viku. Doppelmayr mun óska lokaúttektar byggingafulltrúa fljótlega.

Drottningu lokið fyrir utan klæðingu stálskemmu botnstöðvar. Prófanir og úttektir áætlaðar nóv/des.

Viðbrögð við athugasemdum EKS varðandi verkgaði sbr. síðasta fund:

- Leki á þaki lyftuvarðarhúsa verður lagaður með PVC viðgerðarefni sömu gerðar og er á þakinu. Dúkurinn er ekki niðurlímdur og vildi EKS helst fjarlægja hann og klæða með ábræddum asfaltdúk. Ástand verður metið í lok ábyrgðartíma.
- Plexiglerklæðing á göflum toppstöðvar verður styrkt með fleiri þverböndum. Undirverktaki tekur ekki undir að styrkur sé ekki nægilegur – sambærileg lausn notuð um allan heim þ.m.t. á jöklum. Ekki full sannfæring EKS fyrir því að úrbætur dugi, en ástand verður metið í lok ábyrgðartíma.
- Að mati Doppelmayr er ryð á afmörkuðum stöðum í yfirbyggingu toppstöðva vegna suðuvinnu og suðulúsar sem ekki var þvegin burt. Svæðið verður þrifið og lagað. Ástand verður metið í lok ábyrgðartíma.

Samþykkt tillaga EKS að kostnaður við klæðingar lyftuvarðaraðstöðu á toppi verði bókaður sem viðbótarverk á lyfturnar.

PBG hefur afhent stjórn SSH og samstarfsnefnd skíðasvæðanna minnisblað (meðfylgjandi fundargerð) um mögulega flýtingu greiðslna og uppgjör vegna Drottningar, en afhending hennar er áætluð 9-10 mánuðum fyrr en áætlað hefur verið í samningi. Lagt

er upp með að leysa málið með því að nýta eftirstöðvar fjárveitinga frá 2022 (vannýtta fjárheimild) og endurskoðun/endurröðun fjárfestinga í fjárfestingaáætlun. Unnið verði að nánari skoðun á málinu fyrir fund stjórnar SSH þann 8.nóvember n.k.

Doppelmayr getur tæknilega séð afhent lykla að Gosa (technical handover) 01.11 að aflokinni úttekt vinnueftirlits. Þá er ólokið vinnu við uppsetningu hurða og lokaúttekt byggingafulltrúa. Formleg viðtaka/opnun af hálfu verkkaupa verður ákveðin síðar m.t.t. veðurs og aðstæðna.

Hliðarverkefni

Lýsing, landmótun og uppsetning snjógirðinga eru enn í vinnslu. Lýsing verður dýrari en upphaflega áætlað, en landmótun ódýrari. Upphafleg áætlun var 44 m.kr og mun endanlegur kostnaður verða innan við 62 m.kr eins og fram kemur í útkomuspá fyrir árið 2022 og fjárhagsáætlun verkefninsins fyrir árið 2023. Fyrir liggur fjárhagslegt yfirlit forstöðumanns skíðasvæðanna vegna verkefnanna.

4 Gönguskíðasvæði Bláfjöll

MÁ stefnir markvisst að því að kostnaður endi innan fjárveitingar. Ófyrirséðri fleygun fyrir stólpum snjógirðinga verður mætt með því að stytt girðingar. Verði önnur verkefni innan heimilda kemur til greina að nýta fjárheimild til að auka við girðingar.

5 Skálafell

EKS fékk Doppelmayr til að forhanna nýju stólalýftuna þ.a. staðsetning stöðva og mastra liggur nú fyrir.

- ⇒ EKS mun ráðast í jarðtæknirannsókn í lyftustæði sem verður f.skj. með útboðsgögnum lyftunnar. Verkefnið rúmast vel innan fjárheimilda við innviðagreiningu.

Doppelmayr hefur enn rætt útboðsform lyftu í Skálafelli og hvatt til þess að aðskilja slóðagerð/jarðvinnu/uppsteypu/undirstöður í innlendu útboði frá hreinu lyftuútboði - með þeim rökum að í því felist minni áhætta og lægri kostnaður fyrir verkkaupa. Að mati EKS kemur þetta m.a. til vegna erfiðleika Doppelmayr við verkefnastjórnun og samræmingarvinnu við undirverktaka í Bláfjöllum. Að mati EKS verður flækjustig augljóslega meira og áhætta meiri verði þessi leið farin. Hins vegar ekki ólíklegt að kostnaður gæti orðið lægri. Þá er reynsla af alútboði lyftanna í Bláfjöllum góð. Til greina kemur hins vegar að styrkja samræmingarvinnu og samskipti við yfirvöld með því að verkkaupi leggi til byggingastjóra.

- ⇒ Verkefnishópur enn á því að alútboð sé skynsamlegasta leiðin og með því verði mælt við stjórn SSH.

PBG/MÁ eiga fund með fulltrúum Vegagerðarinnar í næstu viku til að ræða endurbyggingu aðkomuvegar að Skálafelli.

MÁ hefur óskað eftir staðbundnu snjóflóðahættumati fyrir Skálafell. Slík vinna er nauðsynlegt innlegg í gerð útboðsgagna lyftunnar.

- ⇒ MÁ mun ýta á eftir Veðurstofunni

6 Snjóframleiðsla 1 áfangi

Verktaki borunar er að afla verktryggingar og verksamningur í vinnslu.

Tilboð í snjóframleiðslu voru opnuð hjá Innkaupaskrifstofu Reykjavíkurborgar þann 13. október kl. 11.00. Kostnaðaráætlun verksins var 457 m.kr og bárust 5 tilboð skv. neðangreindu:

Bjóðandi	Tilboð ísl [i.kr]	Tilboðsfjárhæðir		Alls [i.kr]	Hlutfall
		Tilboð euro [euro]	Tilboð euro [i.kr]		
1 SuperSnow S.A. - Hamarsfell	279.002.542	2.230.858	315.064.075	594.066.617	130,0%
2 3D3 ehf.	594.251.400	4.244.653	599.472.343	1.193.723.743	261,2%
3 Techno Alpin S.p.A	234.310.115	1.489.277	210.330.591	444.640.706	97,3%
4 MND Scandinavia AB	453.077.774	2.631.889	371.701.683	824.779.457	180,5%
5 Demaclenko IT Sri	327.275.047	2.344.909	331.171.498	658.446.545	144,1%

Lægsta tilboð er um 12.5 m.kr undir áætlun eða 97.3%.

⇒ Samþykkt að PBG óski eftir heimild SSH til að ganga til samninga við lægstbjóðanda

7 Næsti fundur

Ákveðinn síðar.

Einar K. Stefánsson

Dreifing: Fundarmenn